

Gyrðir Elíasson og póetík augnabliksins

Blá fjöll upp við rauðan bakgrunn, rauð fjöll upp við bláan bakgrunn, sanserað flæði lita, tilþrifamikið samspil tilfinninga á landslag sem minnir ekki síst á þetta þjakaða svið sem við þekkjum sem tilvist mannverunnar. Svona ímyndunarheim og myndmál getur lesandi skynjað í margslungnum skáldsögum og ljóðum eins merkilegasta nútímaskálds Íslands, Gyrðis Elíassonar. En þetta eru ekki aðeins senur úr bókum skáldsins. Þetta eru líka senur sem næmur áhorfandi kann að greina í málverkum þessa skálds sem er listamaður pensilsins jafnt sem pennans. En oft er að finna tilhneigingu hjá aðdáendum og gagnrýnendum verka Gyrðis til að hunsa þessa sjónrænu hlið listamannsins og einbeita sér frekar að heillandi orðum hans á blaði án þess að hafa í huga bókakápur sem faðma þessi orð. Bókakápur sýna oft myndlist höfundarins sjálfs og bjóða þannig lesendum inn í dulmögnuðu skáldsagnaheimana sína.

Haustið 2024 varð þó ekki lengur hægt að virða þessa aðra list að vettugi. Gyrðir opnaði sýningu á málverkunum sínum í Garðinum þar sem rúmlega 1200 myndir voru til sýnis í fyrsta skipti.¹ En hvað sýna þær? Á myndunum rekst maður ekki á sveitabörn og ekki heldur á gangandi íkorna. Maður finnur hvorki dapra listamenn ráfandi milli trjána né villtan Ágúst Strindberg stara á björglas í IKEA. Þess í stað eru málverk Gyrðis full af skvettum af alls konar sterkum litum sem blandast saman í dramatík sem minnir á kraftmikla sköpun heimsins í *Völuspá* þar sem eldur og ís koma saman í frjóan samruna (Mynd 1). Þessir áhrifamiklu heimar bera með sér eðlislæg lögmál og fagurfræði sem leggja grunn að póetikinni sem umlykur myndlist og skáldskap Gyrðis og kalla má „póetík augnabliksins“. Hér verður greint frá þessari póetík sem ríkir sérstaklega í málverkum jafnt sem í skrifum höfundar sem segist vinna með það sem hann kallar „mystískan ruralisma“.² En dulúðin úr íslensku sveitinni tengist einmitt póetík augnabliksins að því leyti að hljóð eða stemning þessa augnabliks hjá Gyrði er skynjanlegri í þögn þess svæðis þar sem náttúran truflast ekki af siðmenningu. Þessi alltumlykjandi þögn, ólík hávaða og óróa borgarinnar, nærir og skerpir skynjunina og þess vegna á flestöll dramatík Gyrðis sér stað á sviði sveitarinnar. Það sem hér fylgir er lýs-

ing á sviðsetningu þessarar dramatíkur: Hér verða raktar útlínur pensildráttá á þessum striga heildarverks listamannsins, þ.e. borin saman fagurfræði Gyrðis og nokkurra listamanna til þess að láta í ljós hina eðlislægu starfsemi og hinar fagurfræðilegu forsendur sem drífa bæði málverk og sköpunargleði hans.

En úr hverju eru augnablikin í verkum Gyrðis samansett? Til að fá svar við þessari spurningu er vert að koma ákveðnum forsendum til skila, þó að í grófum dráttum sé. Samkvæmt franska heimspekingnum Jacques Rancière voru dyr listarinnar opnaðar öllum efnum sökum þess umróts sem hann kallar „hið fagurfræðilega kerfi“ (fr: *le régime esthétique*) sem byrjaði að ryðja sér braut í listasögu við lok 18. aldar.³ Fyrir þetta var einungis litið á listina og listaverk annað hvort sem praktískt verkfæri sem var dæmt með mælikvarða samfélagsins eða sem eftirlíkingar metnar samkvæmt lögmálum samræmis og velsæmis. Í valdatíð hins fagurfræðilega kerfis var boðið upp á þann lýðræðislega möguleika að allt undir himninum gæti orðið að efni listarinnar og jafnframt geti allir tekið þátt í sköpun og aðdáun listarinnar.⁴ Þannig setur hið fagurfræðilega kerfi allar fyrri ályktanir um eðli listarinnar úr skorðum: Nú eru ekki lengur aðeins myndir af yfirstéttinni sem kunna að tákna fyrirmyndir samfélagsins og í raun er ekki lengur þörf á að lýsa hugmyndafræði og anda þjóðanna í hverju listaverki. Hinn frægi brunnur Duchamps er dæmi um óendanlega möguleika listheimsins.

Þegar öllu var hleypt inn í listheiminn var jafnframt það stigveldi sem fyrirskipar að ákveðið fólk og efni megi veita listinni innblástur en annað ekki lagt í rúst. Þessi eyðilegging hinna gömlu reglna sem snerta uppbyggingu samfélags felur þó í sér fyrirheit um nýtt lífsform.⁵ Þetta nýfædda lýðræði hafði áhrif á lögmál skáldskapar hjá fulltrúum þess sem sumir kalla móðernistana. Rancière, sem skoðað hefur skáldverk eftir Flaubert, Conrad og Woolf, bendir á „skáldsögulegt lýðræði“ sem ríkir í þessum verkum. Hér er ekki lengur um að ræða hið forna form skáldskaparins sem fólst í gömlu reglunum og hafði einnig að geyma þá skiptingu setta af Aristóteles milli æðra eðlis skáldskaparins — þar sem atriðum í frásögn eru valin form tengt keðju orsakatengsla — og þeirra atvika sem gerast af handahófi og tilheyra þannig ekki heimi skáldskapar og listar.⁶ Í nýju lýðræðislegu kerfi kann hver sem er að finna fyrir þeim tilfinningum sem áður fyrr voru fráteknaðar fyrir elituna. Tilfinningar sem áður var lýst í skáldskap og listinni eru í uppnámi vegna innkomu hins fagurfræðilega kerfis, sem þýðir að þessar yfirstéttartilfinningar hætta að vera persónulegar kenndir valinna einstaklinga, verða aðeins hluti af því flæði sem myndað er af tilviljunarkenndum áhrifum, hughrifum og atvikum. Samkvæmt Rancière verður samþjöppun og hreyfing þessara þátta síðan að áferð hins nýja skáldskapar.⁷ Skáldskapur þarf ekki lengur að lúta þeim skilyrðum Aristótelesar að hann eigi að skapa kjarna frásagnar úr völdum

atvikum. Þess í stað getur hann látið hið óræða líf flæða í gegnum sig með öllum ónunnum tilfinningum sem það hefur í för með sér. Úr þessari umbyltingu urðu einnig til þær stefnur sem við þekkjum nú meðal annars sem impressjónisma, expressjónisma og abstrakt list, þær — auk framtíðarstefnunnar, dadaisma, súrréalisma og kúbisma — sem kenndu Vesturlöndunum, sér í lagi á tímum stríðsáranna og á tímabilinu sem á eftir kom, að í sýn okkar á raunsæinu skarast á þræðir skynjunar, tilfinninga og ýmissa áhrifa.

Impressjónisminn, expressjónisminn og abstraktlist: Þessir þrír fulltrúar módernismans, hins mikla meistara fagurfræði nútímans, hafa hvað mest áhrif á list Gyrðis. Ég hef áður varpað ljósi á áhrif impressjónismans á skáldskap Gyrðis, sér í lagi á smásagnagerðina.⁸ Sögupersónur hans eru grunlaus fórnarlömb lög-mála impressjónismans. Opinberanir, líkt og augnablik og tilfinningar, eru hverf-ular og oft og tíðum leysast þær upp frá þessum sögupersónum uns persónurnar verða eftir einar á sögusviði, ómeðvitaðar um hvaða átt í lífinu þær eiga að stefna á.⁹ En impressjónisminn hefur kennt okkur, og Gyrði, að undir hverju augnabliki ríkir yfirráð skynjunar yfir efnislegu lagi raunveruleikans. Þessi lexía hefur verið skrifuð niður inn í íslenska listasögu af einum listamannanna miklu hér á landi, Jóhannesi Kjarval.

Lokkandi töfrar landslags í myndum Gyrðis verða skiljanlegri og skynjanlegri þegar horft er á þá út frá þeirri túlkun á tilfinningarlegum auði landsins sem þessi meistari íslenskrar listar skildi eftir sig í heildarverkum sínum. Um list Kjarvals skrifar Halldór Laxness eftirfarandi:

Í myndum Kjarvals birtist landslag Íslands, hinar eilífu sýnir fólksins af landi sínu, ekki aðeins í meiri fjölbreytni, heldur einnig í tröllauknari listrænni túlkun en hjá nokkrum snillingi öðrum, enginn hefir hafid sýnir fólksins til veglegra forms, í sólskini og drunga, vetri og sumri; voldugri skynjun en sjón Kjarvals hefir naumlega birtz í íslenzkum lista-
verkum.¹⁰

Arfleifð Kjarvals í íslenskrri listasögu er þessi nýja túlkun á skynjanleika landslags, túlkun sem umbreytir því formi íslensks landslags sem fólk sér í huga sínum þegar það horfir út á heiðina, upp á jöklana eða á fjallshlíðina. Þetta form er ekki lengur ágeng mynd af íslensku landslagi sem Guðbergur Bergsson hefur fjallað um í grein sinni „Hugmyndir um fegurð“, landslagi sem mótast af hugmyndum um nytsemi.¹¹ Þetta er öllu heldur landslag skynjunar þar sem allir töfrar landsins fá að liggja í augum uppi. Það er ekki aðeins að Kjarval, eins og Gyrðir, túlki „svo meistaralega hinar eilífu sýnir þjóðarinnar“,¹² heldur varð þessi túlkun að menningarlegu umróti á Íslandi. Ef listamenn, á borð við Gyrði, horfa á landslagið úti í náttúrunni sjá þeir jafnframt þær tilfinningar sem búa á þeirri jörð sem Kjarval

hafði leitt í ljós. Ef Gyrði er gert kleift að mála íslenska landslagið á áhrifaríkan hátt þá er það vegna þess að hann tekur þátt í arfi Kjarvals, arfi sem er sprettur upp úr umbroti í skynjunarmáta íslenskrar þjóðar.

En ef málverk Gyrðis af íslensku landslagi eru innblásin af róttækni Kjarvals, við hvern er hægt að bera saman leik hans að litum? Ein hliðstæða kemur erlendis frá: Þýski abstrakt- og expressjóníski málariinn Gerhard Richter. Í heildarverkum Richters (sjá t.d. mynd 2) er sértekning áberandi aðferð. Hugmynd Richters felst í því að ferli sértekningar byrjaði í tilraunum með málverk með allskonar landslag.¹³ Sömu ofgnótt tilfinninga, hughrifa og lita sem býr að baki abstraktlistar Richters má finna í málverkum Gyrðis. Landslag þeirra beggja er ekki landslag þar sem náttúran ríkir ein; þetta er landslag þar sem tilfinningar, kenndir og hugrif storkna í ramma myndanna. Líkt og frásagnarformið í verkum módernistanna í kenningum Rancières er um að ræða form sem fangar tilfinningar úr hinu mikla lífi. Ramminn og striginn er það form sem gerir áhorfendum kleift að skynja kraftmikinn straum margslunginna kennda í þeirri stemningu sem umlykur landslagið. En þessir straumar ná aldrei fullkominni lögun í myndlist Richters og Gyrðis. Þessi form eru alltaf í sundrun, bundin fjötrum einhverrar upphengingar og kunna aðeins að stefna á afdráttarlausu opinberun og merkingarlegan einstakleika í draumum áhorfenda.



Gyrðir Eliasson. Jarðeldur XI, 2024.

Landslag Gyrðis er því þversagnakennt, ekki síst vegna þess að hann sækir innblástur í margar áttir. Í þessu landslagi skarast á ytri heimur íslenskrar náttúru og innri eldgos ofsafullra mannlegra tilfinninga sem reyna ætíð að finna útrás. Þar með fæðist ný veröld, framandi um leið og hún er kunnugleg. Þessi veröld er kunnugleg þar sem hún ber oft með sér íslensk örnefni en er einnig framandi þar sem litríkar tilfinningar túlka landslag hennar. Landslag Gyrðis er því aldrei landslag sem sættir sig við að vera eins og það birtist okkur í raunheiminum. Þetta er landslag sem reynir ekki að vera nákvæm lýsing á spegilmynd sinni heldur svið fyrir dramatík kraftmikilla tilfinninga.

En hvar er manneskjan? Sú staðreynd að manneskjuna er hvergi að finna í verkum Gyrðis þýðir ekki að hún sé horfin úr heimsmynd heildarverksins, að hún sé sífellt stödd fyrir utan rammann og viðhorf hennar sé hvergi sjáanlegt. Þvert á móti er þögn verkanna um nærveru manneskjunnar vísbending um háværa þversögn eða spurningu um návist mannverunnar í þeim. Einsemd náttúrunnar sem ríkir í verkum Gyrðis gefur á þennan hátt til kynna skil milli tvenns konar tilveru: Annarrar sem sýnir fram á þá blekkingu að það sem horft er á sé ekkert nema náttúra án manneskju — án byggðar og án samfélags — og hinnar sem lætur óhlutbundnar tilfinningar smjúga inn þó að það séu aðeins **sempensildrættir** og málningarblettir. Sameining þessarar rökfræði felst í hæfileika mannverunnar til



Gerhard Richter. *Venedig (Feneyjar)*, 1986.

að skynja áhrif og dularfullar tilfinningar og vera jafnframt vegamót alls þess sem lífið býður fram í list og skáldskap, þó ekki á fullkominn hátt. Litadýrð málverka Gyrðis vitnar til um eðli manneskjunnar til að vera hið brothætta ílát fyrir ósýnilegar gjafir lífsins. Aðeins landslagið kann þó að lýsa hinum sanna heimi hughrifa og tilfinninga og þátttaka mannverunnar í skynjun þessa heims leiðir oft til fallegrar afmyndunar af veruleika þessa ytri heims óræðra kennda.

Ef Gyrðir telst einn helsti málari Íslands í nútímanum er það ekki af því hann málar nýjar og nýstárlegar byggingar í glænýjum úthverfum höfuðborgarsvæðis, hannaðar samkvæmt tísku byggingarlistar samtímans. Það er ekki heldur vegna þess að hann málar form og myndir úr framtíð landsins. Hann er einn helsti listamaður Íslands í nútímanum vegna þess að hann sameinar náttúru Kjarvals og tilfinningarlegt landslag Richters í nýtt form sem einkennist aðallega af brotum af sjón Kjarvals á íslenskri náttúru, samfastrí við „gyrðisleg“ einkenni þessa nútímaskálds og leiðtoga við ystu mörk listar og lífsins. Af skáldskap og ekki síst list Gyrðis að dæma stundar listamaðurinn ferðir í heim móðernismans ekki í þeim skilningi að slíkur móðernismi „sé í uppreisn gegn ríkjandi boðskiptahefðum samfélagsins og leiti burt frá þeim“,¹⁴ heldur í þeirri merkingu sem Rancière útskýrir, að það sem móðernisminn brýtur niður sé stigveldi fornra reglna um „eðlilegan“ elítisma kenndanna í fyrri skáldskap til þess eins að láta heild lífsins flæða í frásagnir. Reyndar er þetta sá sami pötetiski kippur sem veitir skáldskap Gyrðis afl til að hafa mikil áhrif í þeim skilningi að í þessari list búa mörg og breytileg áhrif (e. *affects*).

Sögur Gyrðis eru á sama hátt ofnar úr sama efni og myndlist hans en þetta efni finnur form sitt í þráðum sem tengja saman ómerkjanleg áhrif, dulúð íslenskrar náttúru og þögn sveitarinnar. Kraftur slíks efnis liggur ekki í skilningi á list og skáldskap sem fyrirskipar að tilfinningar eigi alltaf að vera skiljanlegar og skáldsögum eigi á sama hátt að ljúka á góðum nótum. Öðru nær: Hann dregur afl sitt úr hverfulum augnablikum og breiðum pensildráttum sem reyna ekki að lýsa og tákna raunveruleg fjöll, tóma sveitabæi og hreinskiptnar mannlegar tilfinningar. Listamenn í verkum Gyrðis finna ekki lausnina á lífi sínu en í þessu býr einmitt sá harmur sem fær yfirráð yfir landslagi sköpunar Gyrðis, harmur mannverunnar yfir því að geta ekki rúmað allar heimsins tilfinningar í senn — sami strengur harms sem gerði þær forngrísku sögur að höfuðbókmenntum í aldanna rás.

Með öðrum orðum: Gyrðir málar á sama hátt og hann skrifar eða þá að hann skrifar á sama hátt og hann málar, með nákvæmni impressjónistanna hvað varðar öll smáatriði og allar kenndir sem umkringja mannveruna, auk sterkrar huglægni expressjónistanna og abstraktlistamanna þegar kemur að tilfinningum. Jafnframt krefur hann ekki sjálfan sig um að fylgja reglum fagurfræði bókstaflegrar lýs-

ingar en fylgjendur þessara reglna telja að listin eigi að draga upp sanna mynd af raunveruleikanum sem spegla þurfi eigindi hans. Þetta sambland listfræðilegra og fagurfræðilegra lögmála birtist sem einstæð tegund af sköpunarkrafti tengdum höfundu sem lengi hefur fjallað um depurðina sem lífið sjálft. Ef fegurðina er að finna í myndlist þessa listamanns er það ekki vegna þess að listamaðurinn málar sveitina, eldfjöllin og jöklana vandlega. Ekki heldur vegna þess að hann skapi málverk af vinsælu fólki og hetjum úr tímum fornsagnanna. Fegurðin fær leyfi til að segja til sín í verkum Gyrðis af því að hvert augnablik og hver óunnin tilfinning eru látin vera í sínum ófullkomleika, ekki stillt af í strangri mælivídd — settri af reglum samfélags hins gamla — sem ber með sér skilyrði samræmis og velsæmis. Málverk Gyrðis fylgja skilyrðum skipulagðrar ringulreiðar hins fagurfræðilega kerfis og þannig eru þau ekki aðeins málverk af fjöllum og jöklum. Þau eru fyrst og fremst málverk af bylgjum og öldum eða jafnvel kvikum birtingarmyndum af togstreitu innra lífs og sporum sem rekja þær slóðir sem leiða til vettvangs átaka margslunginna tilfinninga sem ekki er þó hægt að lýsa beinlínis. Brestur fullnustu frásagna og óljósar líkingar á íslensku landslagi í myndum eru þannig eldiviðurinn í þeirri sérkennilegu fegurð sem finna má í list og skrifum Gyrðis. Hvað er þá póetík augnabliksins hjá Gyrði ef ekki skynjun á fullkomleika augnabliksins, sem kann að vera kyrrstætt á yfirborðinu en er virkt, kraftmikið og stundum ofsakennt í andanum sem býr þar undir, gagnvart mannlegri skynjun? Hvert augnablik, hver svipsjón hjá Gyrði, þyrlast undir þunga áhrifa og hughrifa, en sprenging þeirra í marga liti verður sá mikli hvellur sem fæðir af sér alla list þessa nútíma-skálds Íslands. Og þar, í þessari krafmiklu sköpun, fæðist hinn skapaði og litríki heimur Gyrðis Elíassonar.

TILVÍSANIR

- 1 Júlía Aradóttir. „Sýnir 1200 myndir á fyrstu myndlistarsýningu sinni,“ *RÚV* 20. apríl 2024.
- 2 Einar Falur Ingólfsson. „Svona vinnur undirmeðvitundin, þessi skrytna skepna“. *Morgunblaðið. Menning og listir*, 13. okt. 1990, bls. 3.
- 3 Jacques Rancière. *Aisthesis*. Þýð. Zakir Paul. London: Verso, 2014, bls. Ix.
- 4 Steven Corcoran. „Editor’s Introduction“. Í Jacques Rancière. *Dissensus. On Politics and Aesthetics*. New York: Continuum, 2010, bls.1516.
- 5 Sama.
- 6 Jacques Rancière. *The Lost Thread*. Þýð Steven Corcoran. London: Bloomsbury, 2017, bls. xxxi.
- 7 Rancière. *The Lost Thread*. bls. 22.
- 8 Brynjarr Þór Mendoza. „Hversvegna þetta hús seiddi mig svona til sín vissi ég ekki. Áhrifafræði í skáldskap Gyrðis Elíassonar“. MA ritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands, 2023.

- 9 Brynjarr Þór Mendoza. „Gyrðir Eliasson“. *The Literary Encyclopedia*, 2024.
- 10 Halldór Laxness. „Kjarval“. *Rauðir pennar*. 1.1 (1935): 157.
- 11 Guðbergur Bergsson. „Hugmyndir um fegurð“. *Tímarit máls og menningar*. 57:3 (1996): 111121.
- 12 Halldór Laxness. „Kjarval“. bls. 158.
- 13 Sjá Julia Gelshorn. „From Flatness to Space and Back Again: Concepts of Representation in the Work of Gerhard Richter and Sigmar Polke“. *RACAR: revue d'art canedienne / The Canadian Art Review* 31 ½ (2006): 36.
- 14 Ástráður Eysteinnsson. „Baráttan um raunsæið. Um módernisma, raunsæi og hefð“. *Umbrot. Bókmenntir og nútími*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 51.